

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 140/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/177/EB frá 7. mars 2005 að því er varðar umflutning lifandi nautgripa um Breska konungsríkið ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/179/EB frá 4. mars 2005 um breytingu á ákvörðunum 93/52/EBE og 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að Slóvenía sé laus við öldusótt (*B. melitensis*) og smitandi nautgripahvítblæði og að Slóvakía sé laus við berkla í nautgripum og öldusótt í nautgripum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:
„- **32005 D 0179:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/179/EB frá 4. mars 2005 (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 37).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 23. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/564/EB) í hluta 7.2:
„24. **32005 D 0177:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/177/EB frá 7. mars 2005 að því er varðar umflutning lifandi nautgripa um Breska konungsríkið (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 28).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 37.

Norskur texti ákvarðana 2005/177/EB og 2005/179/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.